

nafnið *Ýlir*, sem er beint myndað af orðinu *Jól*. Gotneska sýnir þá, að Gotar hafa nefnt desember nafnir u *Juleis*, af því að Jólin félle í þann mánuð, og virðist mega ráða af þessu, að Gotar hafi haft sama nafn á Jólunum og vér Noiðurlardabíar. Þeir fornu íslenzku tímatali (gamla stíl) falla klettir u Jólin eð vísu aldrei í „*Ýli*“, heldur er *Ýlir* næsti mánuður á undan Jólum.

Engilsaxar kölluðu Jólin *Geohhol*, sem er san.a orðið og *Jól* á íslenzku. Af því dregst *Yule* í nútíðar ensku, sem þó er minna tíðkað en *Christmas*. *Ýli* þekktu Engilsaxar líka og nefndu hann *Geola*, en því nafni kölluðu þeir tvo af rómversku mánuðunum: Desember kölluð þeir „*Ýli hinn fyrra*“, en Janúar „*Ýli hinn síðara*“.

*Ýlir* (öðru nafni *Frermánuður*) er estir íslenzku tímatali 2. mánuður í vetri og byrjar altaf á mánudag, en mánaðardagurinn munar frá 10. til 17. nóv. í gamla stíl, en frá 20. til 27. nóv. í nýja stíl. Þriðji mánuður í vetri er vanalega nefndur *Mörssugur* eða *Hrútmánuður*, en þó stundum líka *Jólmánuður*, hann byrjar altaf á miðvikudag, en mánaðardagurinn munar frá 10. til 17. des. í gamla stíl, en frá 20. til 27. des. í nýja stíl. Þessi mánuður endar altaf á fimtudag, þegar veturn er rétt hálfnaður, en með næsta degi, föstudagi, byrjar *Þorri*, og heitir nóttrir þar milli höggunótt. Má því segja, að Jólmánuður endi á höggunótt. Fyrsti dagur *Þorra* getur munað frá 9. til 16. janúar í gamla stíl, en frá 19. til 26. janúar í nýja stíl.

Nafnið *Jólmánuður* þýðir alveg sama og *Ýlir*. Þessir tveir mánuðir, 2. og 3. mánuður í vetri, hafa þá í rauninni sama nafn, líkt og hjá Engilsökum. Af þessu virðist mega ráða, að 3. vetrarmánuðurinn hafi upphaflega (í heiðni) heitið *Ýlir*, af því að hann gekk næst á undan hinum heiðnu Jólum og endaði á höggunótt, en síðan, þegar kristnin kom og Jólin fluttust til 25. desember, þá hafi líka mánaðarnafnið færst aftur á 2. vetrarmánuðinn og hann verið nefndur *Ýlir*, af því að hann var næsti mánuður fyrir kristnu Jólin. Líklegt er, að báðir mánuðirnir hafi um hafið boriið sama nafnið, *Ýlir*, en verið greindir á þann hátt, að 2. vetrarmánuðurinn hafi verið nefndur *Ýlir hian fyrra*, en 3. vetrarmánuðurinn *Ýlir hinn síðari*, líkt og hjá Engil-